



VÍSIR



Málgaagn Ungmennafélagsins Mána í Nesjum

Ráttgjafar og ábyrgðarmenn: Sigurður Óskar Jónsson og Sveinn Rúnar Ragnarsson

Fylgt úr hlaði

Vísir kemur nú út í sjötta sinn í núverandi mynd. Sú breyting er þó frá fyrri árum að núna er blaðinu í fyrsta skipti dreift inn á öll heimili í Austur-Skaftafellssýslu.

Árið sem nú er að líða var á hefðbundnum nótum hjá Mána. Frjálsíþróttastarfið er í lægð, en fastir liðir eins og þrettándagleði og 17. júní halda sér alltaf. Mánamenn hafa farið í vetrargöngu 30. desember undanfarin ár. Frekar fáir mættu þó síðast og því var ákveðið að hafa gönguna í ár ekki á virkum degi, heldur sunnudaginn 27. desember. Við vonumst því til þess að fleiri sjái sér fært að mæta.

Í þessu blaði er stiklað á stóru yfir það sem gert hefur verið á árinu. Pistill frá knattspyrnudeild Mána, sem tók þátt í 4. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu er á sínum stað. Þá er í blaðinu áhugaverð frásögn um gamla leikvöllinn í Bjarnaneshverfi og saga Fundarhússins sem stóð við hann rakin. Þar á eftir fylgir kynning á ungskáldi sem hefur talsverða tengingu við félagið.

Þá er í blaðinu yfirlit yfir viðburði í Nesjum um hátíðirnar og nokkrar þrautir og gátur sem lesendur geta spreytt sig á yfir jólakonfektinu. Greint verður frá lausnum þrautanna að lokinni vetrargöngu, 27. desember.

Starfsemin á árinu 2015

Starfsemin á árinu var með venjubundnum hætti. Nýtt tölublað af Vísi kom út rétt fyrir síðustu jól og var því dreift í allar sveitir í Austur-Skaftafellssýslu.

Vetrargangan fór fram 30. desember. Veður og færð voru ágæt, hiti 4-5°C, logn og úrkomulaust alla gönguna, þó farið hafi að rigna rétt á eftir. Gaman hefði verið að sjá fleira fólk, en litlu mátti muna að hægt væri að segja að á annan tug manna hafi mætt. Gengið var frá Mánagarði, að Meðalfellsrétt og aftur að Mánagarði, u.þ.b. 5 km. Vonandi sjá sér fleiri fært að mæta næst enda er vetrargangan ágætis úrræði til að vinna gegn legusárum um jólahátíðina.

Prettándagleði Mána var haldin niður á Völlum þann 6. janúar. Vegna óhagstæðs veðurútlits var kveikt aðeins fyrr í brennunni en vant er, eða kl. 18:00. Veðrið var ágætt en brennuefnið blautt. Það tókst þó ágætlega að láta bálköstinn loga og Björgunarfélag Hornafjarðar var svo að vanda með tilkomumikla flugeldasýningu sem var hápunktur kvöldsins.

Aðalfundur Mána var haldinn 17. mars s.l. og á hann mættu frekar fáir. Vel færi á ef aðeins fleiri mættu næst. Hæst bar á fundinum að lög félagsins voru færð í aðeins nútímalegra horf, t.d. til að skýrara sé að auglýsa megi aðalfund í fjölmiðlum. Lög félagsins og fundargerð aðalfundar má nálgast hjá ritstjórum þessa rits. Þær breytingar urðu á stjórn að Egill Eiríksson lét af embætti gjaldkera. Ásta Steinunn Eiríksdóttir, systir Egils, var kosin í sama hlutverk í hans stað. Núverandi stjórn er því svona skipuð:

Sveinn Rúnar Ragnarsson, Akurnesi, formaður,

Sigurður Ragnarsson, Akurnesi, ritari,
Ásta Steinunn Eiríksdóttir, Árnanesi, gjaldkeri,
Halldór Einarsson, Þinganesi, meðstjórnandi,
Sigurður Óskar Jónsson, Stapa, meðstjórnandi.

Björn Ármann Jónsson, Stapa, varamaður,
Hannes Halldórsson, Þinganesi, varamaður,
Reynir Ásgeirsson, Seljavöllum, varamaður.

Skoðunarmenn reikninga eru Grétar Már Þorkelsson og Valgerður Egilsdóttir. Vallarstjóri er sem fyrr, Birgir Freyr Ragnarsson.

82. ársþing USÚ var haldið 26. mars í Mánagarði og á það mættu fulltrúar Mána. Hreinn Eiríksson, fyrrverandi formaður Mána var útnefndur heiðursfélagi USÚ á þinginu.

Helgina 13. – 14. júní s.l. tóku nokkrir vaskir Mánamenn sig saman og lagfærðu gamla leikvöllinn við Brekkubæ svo um munaði. Verkið fólst aðallega í því að skipta um girðingu, sem var vægast sagt orðin léleg. Fánastöng var einnig komið fyrir við völlinn, en eftir er að setja upp hliðgrind, sem stefnan er að bæta úr fljótlega. Athygli vakti að mjög lítið var notað af hestöflum við vinnuna. Staurarnir voru reknir niður með sleggju, netið strekkt með handstrekkiurum og grafið fyrir hornstaurum með handsnúnum staurabor. Alls tóku 11 manns þátt í verkinu og óhætt er að segja að þeir hafi verið á öllum aldri. Sá elsti á 69. aldursári og sú yngsta á 2. aldursári.

Að venju var þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur. Veðrið var með eindæmum gott og óhætt að segja að Nesjasveit hafi skartað sínu fegursta. Göngufólkið lagði af stað frá Mánagarði og gekk í halarófu á eftir fánaberunum, þeim Birni Ármanni Jónssyni og

Ingvari Guðjónssyni, að gamla leikvellingum við Brekkubæ. Þar fór fram skemmtidagskrá þar sem farið var í leiki, m.a. pokahlaup, naglaboðhlaup, reiptog og hjólbörurallý. Gaman er að segja frá því hve duglegir bæði ungir sem aldnir voru að taka þátt í leikjunum. Síðan voru grillaðar pylsur og auðvitað var karamelluregn. Alls tóku á bilinu 50-60 manns þátt í hátíðarhöldunum og stjórn Mána vill þakka öllum sem mættu kærlega fyrir komuna.

49. sambandsþing UMFÍ var haldið í Vík í Mýrdal um miðjan október og átti USÚ sína fjóra fulltrúa þar. Sigurður Óskar Jónsson náði kjöri í varastjórn UMFÍ á þinginu.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá 12. desember s.l. og fór sú athöfn fram í kyrrþey líkt og undanfarin ár. Jólatréð var keypt af Kiwanisklúbbum Ósi.

Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Mána

Máni tók aftur þátt í 4. deild KSÍ síðastliðið sumar. Markmiðið var að gera betur en sumarið áður en þá unnu Mánamenn ekki leik. Það markmið náðist í öðrum leik á útivelli gegn Kóngunum þar sem Máni vann sigur með fjórum mörkum gegn tveimur. Þess ber að geta að á 6. fundi Mána, 20. júlí árið 1913 var eftirfarandi bókun samþykkt: „*Fundurinn ákveður að félagið kaupi fótbolta, handa þeim er æfa vilja þá íþrótt í félaginu.*“ Það var því söguleg stund þegar meistaraflokkur vann sinn fyrsta sigur á Íslandsmóti tæpum 102 árum síðar.

Í lok sumars endaði Máni með níu stig og varð í sjötta sæti í sínum riðli, en sjö lið voru í riðlinum. Það var óneitanlega ánægjulegt að Máni vermdi ekki botnsætið líkt og sumarið áður.

Sex heimaleikir voru spilaðir á Mánavelli síðasta sumar og alltaf var vel mætt á völlinn til þess að hvetja liðið áfram. Helt var upp á kaffi fyrir áhorfendur og í eitt skipti voru grillaðar pylsur fyrir aðkomuliðið.

Markahæstur Mánamanna var Arnar Freyr Valgeirsson með sjö mörk sem er vel af sér vikið. Eiríkur Snær Jóhannesson og Egill Eiríksson komu svo næstir með þrjú mörk hvor.

Að lokum viljum við þakka fyrir frábæran stuðning í sumar og vonumst til þess að sjá ykkur sem flest aftur á vellinum næsta sumar.

Fundarhúsið og Leikvöllurinn

Árið 1907 var samkomuhús reist í Nesjum að frumkvæði Nesjahrepps. Það stóð neðan við gamla leikvöll Mána, milli Fornustekka og Brekkubæjar. Byggingin var að talsverðu leyti fjármögnuð með tombóluhaldi auk þess sem að Þórarinn Tulinius, kaupmaður á Höfn, lagði til fé. Yfirsniður Fundarhússins var Mórítz Steinsen í Krossbæ en það var byggt úr timbri, járnklætt að utan og vandað að allri gerð. Húsið var 46 fermetrar og skiptist í forstofu, kjörherbergi og samkomusal sem var 31 fermetri.¹ Húsið var bæði nýtt undir mannafundi og skólahald og glæddi félagslífið í sveitinni lífi því þetta sama ár var Málfundafélag Hornfirðinga stofnað sem og Málfunda- og glímufélagið Máni en ári síðar var því nafni breytt í Ungmennafélagið Máni.² Þess má geta að 12. ágúst 1908 hélt

¹ Arnþór Gunnarsson (1997). III 9. Félags- og menningarlíf í Nesjahreppi, samkomustaðir. *Saga Hafnar í Hornafirði, fyrra bindi*, (bls. 320). Hornafjörður: Hornafjarðarbær.

² Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason (1971). Þættir úr sögu Nesjahrepps, félagsmál og framkvæmdir. *Bygðasaga Austur-Skaftafellssýslu 1. bindi, Lón og Nes* (bls. 120-121). Reykjavík: Bókautgáfa Guðjóns Ó.

Hannes Hafstein, ráðherra og skáld, stjórnálfund í Fundarhúsinu þar sem hann reyndi að afla fylgis við hið svokallaða „Uppkast“ sem voru samningsdrög að nýjum samningi um samband Íslendinga og Dana. Mánamenn voru flestir andsnúnir „Uppkastinu“ og þrátt fyrir að þeir hefðu ekki kosningarétt sökum aldurs höfðu þeir talsverð áhrif á skoðanir þeirra sem eldri voru.³ Ekkert varð úr því að „Uppkastið“ yrði samþykkt meðal landsmanna og það var ekki fyrr en árið 1918 sem ný sambandslög tóku gildi og Ísland hlaut fullveldi.

Fundarhúsið var helsti samkomustaður íbúa Nesjahrepps til ársins 1911 þegar kirkjan við Laxá var reist og tók við því hlutverki, því í kjallara hennar var samkomusalur. Fundarhúsið var þá fljótlega selt Guðmundi Jónssyni í Hoffelli og Birni Kristjánssyni. Björn kom hér austur í leit að steintegundum og málmum sem hentuðu til námuvinnslu og aðstoðaði Guðmundur hann við leitina. Árið 1909 tryggðu þeir sér námuréttindi í Bjarnaneslandi því þeir bundu vonir við að finna málma vestan ár inn á Laxárdal í Nesjum. Guðmundur safnaði sýnum og sendi Birni til greiningar. Meðal annars var sýni úr berggangi í Laxá og í því greindi Björn silfur. Ætlunin var því að nýta Fundarhúsið sem samastað undir verkamenn og verkfæri þegar framkvæmdir tengdar námuvinnslu í Laxá í Nesjum myndu hefjast. Ekkert varð þó úr þeim fyrirætlunum.⁴ Guðmundur bauð þá Mána húsið til kaups en félagsmenn vildu ekki kaupa það. Það var svo úr að frostaveturinn mikla árið 1918 var afráðið að flytja húsið í heilu lagi á ís úr Bjarnaneshverfinu yfir fjörðinn og út á Höfn. Guðmundur hafði þá fengið þar verslunarlóð en vantaði verslunarhúsnæði. Björn

³ Þorleifur í Hólum (1954). Ráðherra kemur til fundahalda. *Ævisaga*, (bls. 414). Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

⁴ Guðmundur Jónsson (2009). Námuleit. *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir*, (bls. 38-40). Reykjavík: Skrudda.

Eymundsson hafnsögumaður sá um flutninginn en til þess voru notaðir 12 hestar og 40 menn. Eftir talsverðan barning tókst að koma húsinu á land ofan við Leiðarhöfða. Þar var það fram á næsta vetur þar til það var tekið og fært á lóðina. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga var síðan stofnað í árslok 1919 og fékk þá Fundarhúsið og lóðina.⁵ Árið 1920 keypti Sigurður Sigurðsson trésmiður frá Holtaseli á Mýrum Fundarhúsið og byggði upp úr því íbúðarhús á Fiskhólnum sem hann gaf nafnið Sólstaðir (Fiskhóll 5).⁶ Það hús stendur enn og því þjónar gamla Fundarhús Nesjahrepps ennþá tilgangi 108 árum síðar.

Þann 25. apríl 1909 var staðfest með leyfisbréfi að Máni hefði leyfi til að girða af og rækta leikvöll á 1000 ferhyrningsfaðmabletti úr landi kirkjujarðanna við Fundarhús Nesjahrepps.⁷ Þann 29. apríl 1909 var farið að vinna að leikvallargerðinni.⁸ Þeirri vinnu lauk haustið 1910 en þá höfðu félagsmenn unnið 250 dagsverk við gerð hans.⁹ Leikvöllurinn var nýttur til íþróttaiðkunar og samkomuhalds og þann 17. júní 1911 voru haldin þar hátíðarhöld í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Að loknum ræðuhöldum við Fundarhúsið öttu ungir menn kappi í hlaupum, stökkum og glímu á leikvöllinum og þeir sem sköruðu fram úr hlutu

⁵ Guðmundur Jónsson (2009). Húsflutningurinn. *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir*, (bls 45-46). Reykjavík: Skrudda.

⁶ Sigurður Björnsson, Bjarni Bjarnason & Gísli Björnsson (1976). VIII. Hús og borgarar sem byggðu upp nýtt sveitarfélag, Sólstaðir (Fiskhóll). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu 3. Bindi, Örnefi og Hafnarhreppur* (bls. 245). Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó.

⁷ Hjalti Jónsson (1909) Leyfisbréf. Dagset 25. apríl 1909. *Fundargerðarbók ungmennafélagsins Mána 1909-1917*, (bls. 80).

⁸ Hjalti Jónsson (1909). Störf félagsins 1909-10. 1. *Fundargerðarbók ungmennafélagsins Mána 1909-1917*, (bls. 79).

⁹ Hjalti Þór Vignisson (ritstj.) (2007). *Hátíðarútgáfa Vísis* (bls. 3-5). Hornafjörður: Ungmennafélagið Máni.

verðlaunagripi að launum.¹⁰ Árið 1944 var lýðveldishátíðin haldin á Leikvellinum. Við það tilefni gerðu félagsmenn í Mána göngustíg sem liggur frá afleggjarnum heim að Brekkubæ og að Leikvellinum.¹¹ Með tilkomu nýs íþróttasvæðis norðan við Mánagarð á 7. áratugnum var hætt að nota Leikvöllinn til íþróttaiðkunar og síðan þá hefur hann lítið verið notaður. Það er þó vilji þeirra sem nú starfa í Mána að finna honum hlutverk og gera hann að samkomustað þar sem félagsmenn, jafnt og aðrir, geta komið saman og gert sér glaðan dag í fallettu umhverfi.

Skáldakynning

Það vita það væntanlega ekki allir sem þetta lesa, en á leikmannalista knattspyrnudeildar Mána er ljóðskáld. Þórður Sævar Jónsson (f. 1989) gaf út sína fyrstu ljóðabók fyrr á árinu. Bókin heitir Blágil, og er hluti af ritröð Meðgönguljóða, þar sem efnileg ungskáld eru kynnt til leiks með styttri verkum. Það vita það þó sennilega ennþá færri að Þórður Sævar er einmitt tengdasonur fyrrverandi formanns Mána, Helgu Vilborgar Sigjónsdóttur.

Í ljósi þess að mikið hefur borið á eldra efni í blaðinu að þessu sinni ákváðum við að birta hér þrjú ný ljóð eftir hann, fyrstu tvö úr Blágiljum, en hið þriðja óútkomið.

¹⁰ Arnþór Gunnarsson (1997). III 9. Félags- og menningarlíf í Nesjahreppi, Þjóðhátíð og fullveldishátíð. *Saga Hafnar í Hornafirði, fyrra bindi*, (bls. 318). Hornafjörður: Hornafjarðarbær.

¹¹ Guðmundur og Skúli Jónssynir. Munnleg heimild. 15. desember 2015.

hlaup

myrkrið er fljót
sem hefur rutt sér farveg gegnum himininn

vatnamælingar ríkisins telja að
það flæði yfir bakka sína
skömmu fyrir jól

vök

spegilmynd mánans
gróin við skörina

vatnið
hvítnar

örfáar hugleiðingar um rofabörð

I.

moldvörpur á hrakhólum

II.

veður barin vind blásin sorfin
horfin

III

jafnslétt jöfnuð við jörðu

IV.

að rifna endanlega upp með rótum
hillingar

fjallið leysir landfestar
og mjakast á nýjan dvalarstað

Viðburðir í Nesjum um hátíðirnar

25. desember, jóladagur:

Hátíðarguðsþjónusta í Bjarnaneskirkju kl. 14:00.

27. desember:

Vetrarganga Mána 2015, lagt af stað frá Mánagarði kl. 13:00.
(ATH. ekki 30. desember eins og undanfarin ár.)

Hátíðarguðsþjónusta í Hoffellskirkju kl. 15:00.

28. desember:

Jólaball Kvenfélagsins Vöku, hefst kl. 15:00 í Mánagarði.
Rétt er að geta þess að aðgangur er ókeypis.

Félagsvist Kvenfélagsins Vöku, fyrsta kvöld af þremur.
Hefst kl. 20:00 í Mánagarði.

6. janúar 2015, þrettándinn:

Þrettándagleði kl. 20:30, niðri á Völlum við Laxá í Nesjum.

Jólaþrautir

1. Á 10. hæð í blokk í ónefndum bæ býr dvergur. Hann vinnur úti, en þegar hann kemur heim úr vinnunni tekur hann alltaf lyftuna upp á 9. hæð og fer svo upp stigann. Undantekningin eru rigningardagar, því þá fer hann alla leið upp á 10. hæð með lyftunni. Hvernig stendur á því?

2. Maður nokkur var úti að keyra. Ljósín á bílnum voru ekki kveikt, það var ekki kveikt á neinum ljósastaurum og það var ekkert tungsljós. Nokkru framan við bílinn var kona að fara yfir götuna. Hvernig sá maðurinn konuna?
3. Herra Blár býr í bláa húsinu, herra Gulur býr í gula húsinu og herra Brúnn býr í brúna húsinu. En hver býr í hvíta húsinu?
4. Mælir lengd á ljóssins för,
liggja skal hún keipnum á,
flytja aur um foss og skör,
fjórða hvert það kallast má.
5. Fljótt á henni fá allir leið,
flytur ávallt sama sönginn,
geymir hressandi gleðiseið,
geymsluþolnu matarföngin.
6. Uppi í tré hann söngva syngur,
sumir tína í skógi hnetur,
í búi býr með langa fingur,
á blárrí regnhlíf flogið getur.

Svörin við þrautunum verða kynnt að lokinni vetrargöngu Mána þann 27. desember næstkomandi.

Þrautir og svör úr síðasta blaði, 2014:

1. Stúfur datt ofan í djúpa, djúpa sandgryfju, alveg niður á botn. Gryfjan er 10 metra djúp! Þetta er hræðilegt því að enginn veit af honum, enginn heyrir hann kalla, enginn kemur honum til hjálpar. Stúfur fer að reyna að krafla sig upp eftir sandbakkannum. Hann kemst 5 metra upp en

þá þarf hann að stoppa til að hvíla sig og rennur á meðan 4 metra niður aftur. Hver lota tekur eina klukkustund. Hversu margar klukkustundir tekur það aumingja Stúf með þessu áframhaldi að komast alla leið upp úr gryfjunni? Svar: 6 klst.

2. Kristnir í þær fóru forðum,
ferð um stjörnur himingeima,
um þig farið fögrum orðum,
ferðalag sem þú vilt gleyma.
Svar: för.

3. Á vinnustað nokkrum eru 5/9 starfsmanna
konur. 3/8 af körlunum eru einhleypir og
1/3 af einhleypu körlunum er eldri en 50
ára. Hve stór hluti starfsmanna er
einhleypir karlar undir 50 ára aldri?
Svar: 1/9.

4. Maður nokkur kemur að dyrum þar sem
honum verður aðeins hleyp inn ef hann

kann aðgangsorðið. Dyravörðurinn er
eldri maður sem býðst til að gefa honum
setningu sem lesa megi aðgangsorðið út úr.
Gamli maðurinn segir síðan: „Vítur maður
veit að heimskingi opnar dyrnar.“ Hvert er
aðgangsorðið?

Svar: heimskingi.

5. Eineggja tvíburar ganga saman eftir götu í
ónefndum bæ og mæta ungum manni sem er
frændi annars tvíburans en ekki hins.
Hvernig má það vera og hvernig er hann
tengdur hinum?

Svar: Hann er sonur annars, og því
bróðursonur hins.

*Gledileg jól og farsælt
komandi ár.*

Þökkum árið sem er að líða.

Stjórn Umf. Mána.